



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 7. júní 2022

Efni: Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, 563. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) fagnar framkominni byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 og því mikla samráði sem ráðuneyti byggðamála, einstaka fagráðuneyti og Byggðastofnun hefur haft við almenning í gegnum samráðsgátt stjórnvalda, sambandið og landshlutasamtökin um mótun þeirra tillagna sem settar eru fram í áætluninni. Þetta hefur skilað sér í raunhæfum tillögum sem eru í ágætu samhengi við aðra stefnumótun stjórnvalda.

Stjórn SASS lýsir hins vegar yfir miklum vonbrigðum með lækkandi fjárframlög til bæði atvinnuráðgjafar og Sóknaráætlana landshluta. Áætlunin gerir m.ö.o. ráð fyrir að landshlutasamtök sveitarfélaga taki að sér stærra hlutverk en áður, sem er ánægjulegt, en á sama tíma er lagt til að dregið verði úr fjárveitingum. Það fer ekki saman og kallast ekki á við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að efla eigi málaflokkinn byggðamál. Nauðsynlegt er því að hækka fjárframlög til málaflokksins áður en áætlunin verður samþykkt.

Lögð er áhersla á að áætlunin verði samþykkt á vorþingi svo hægt sé að hrinda í framkvæmd þeim fjölmörgu mikilvægu verkefnum sem þar eru tiltekin.

Eins og fyrr segir er brýnt að gætt sé að í fjármálaáætlun og fjárlögum að viðkomandi ráðuneytum sé áætlað fjármagn til verkefnanna og nauðsynlegt er að hækka fjárframlög til málaflokksins áður en áætlunin verður samþykkt.

Fulltrúar SASS eru reiðubúnir til frekari útskýringa og óska eftir að koma á fund nefndarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri